

# FÉLAGSBLAD NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSA MBANDSMÁL



## ÓÐINN Á SLEIPNI

Hugmyndir Snorra Sturlusonar um Óðin eru tvennskonar. Annarsvegar er fornsögukonungurinn og trúarhöfundurinn með því nafni sem segir frá í Heimskringlu, og uppi var á Norðurlöndum fyrir löngu. En í Eddu er sjónarsvið Snorra annað og "himneskara". Þar segir svo: "Gangleri hóf svo mál sitt: Hverr er æðstr eða elztr allra goða? Hárr svarar: Sá heitir Alfaðir að voru máli, en í Asgarði inum forna átti hann tólf nöfn. Þá spyr Gangleri: Hvar er sá guð, eða hvað má hann eða hvað hefir hann unnið framaverka? Hárr segir: Lifir hann um allar aldir og stjórnar öllu ríki sínu og ræður öllum hlutum, stórum og smáum. – Þá mælti Jafnhárr: Hann smíðaði himin og jörð og loft og alla eign þeirra. – Þá mælti Þriðji: Hitt er þó mest er hann gerði manninn, og gaf honum önd þá er lifa skal og aldrei týnast...." Og sé nú einhver sá Gangleri, sem spyrja vill, þá munu Nýalssinnar sitja fyrir svörum.

Útgefandi: Félag Nýalssinna  
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson  
Úlfsstöðum, Borgarfirði

Rekstrarreikningur pr. 31/12 1967

	Inn	Út
Sjóðreikningur	281.182,38	281.182,38
Bankareikningur	26.840,89	26.760,00
Félagsgjaldareikn.		42.800,00
Gjafa og áheita reikn.		29.161,00
Nýals-reikn.	346.575,19	13.695,00
Ahaldareikn.	11.545,00	
Inneign félagsm.	180.000,00	347.000,00
Íslenzk stefna	1.275,00	55,00
Félagsblaðið	27.319,75	670,00
Vaxtareikn.		941,38
Kostnaður reikn.	8.584,72	
Húsaleigureikn.	23.040,00	
" kostnaðarreikn.	7.860,00	
Höfuðstólsreikn	<hr/>	171.858,17
	914.222,93	914.222,93
Sjóðsreikningur	198.113,35	68.113,35
Bankareikn.	153.412,19	
Félag Nýalssinna	130.000,00	130.000,00
Vaxtareikn.		15.553,35
Gjafa- og áheitareikn.		61.660,00
Byggingarsjóður Stjörnusamb. st.	<hr/>	206.198,84
	1.395.748,47	1.395.748,47
Ágóði félagssjóðs		4.238,91
Ágóði byggingarsjóðs		77.213,35

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1967

Sjóðsreikningur	0,00	
Bankareikningur	89,89	
Nýalsreikningur	332.889,19	
Ahaldareikningur	8.916,00	
Inneign félagsm.		167.000,00
Íslenzk stefna	1.220,00	
Höfuðstólsreikn.	<hr/>	176.097,08
	343.097,08	343.097,08
Sjóðreikningur	130.000,00	
Bankareikn.	153.412,19	
Byggingarsj. Stjörnusamb. st.	<hr/>	283.412,19
	626.509,27	626.509,27

Endurskoðendur:

Halldór Halldórsson

Elsa G. Vilmundardóttir

Sigurður F. Ólafsson

gjaldkeri

## Hið þriðja meginatriði

(Erindi flutt að Bifröst þann 13. marz sl.)

Skólastjóri Samvinnuskólans, Guðmundur Sveinsson, hefur enn einusinni farið fram á það við okkur Nýalssinna að gera nemendum sínum nokkra grein fyrir kenningum Nýals, og hafa slík tilmæli til þessa verið alveg einstæð. Enginn skólastjóri annar né ráðamaður menntastofnunar hefir farið fram á slíkt við okkur, og ætla ég að spá því, að þess verði einhverntíma minnst. Það hefir ævinlega orðið þeim til hróss, sem með einhyjerjum hætti urðu í fyrsta lagi til þess að greiða fyrir framgangi nýrra sanninda, en það sem hér er um að ræða, hika ég ekki við að telja til slíks. Kenning Nýals er engin vanrökstudd hugdetta, og held ég að það væri góður inngangur að því að gera grein fyrir henni að víkja að tveimur meginatriðum heimsfræðilegar þekkingar og skilnings. Ný þekking er aldrei án tengsla við það, sem áður hafði verið vitað, og ætti því jafnan frá hinu áðurkunna að mega dæma um hvaðeina að nokkru. Sé um eitthvað að ræða, sem þar er ekki í neinum tengslum eða framhaldi, þá eru mikil líkindi til, að það sé ekki rétt. En komi það hinsvegar fyrir sem beint og eðlilegt framhald þess, sem bezt hafði verið vitað, þá eru allar líkur til hins gagnstæða, hversu furðulegt sem það annars kann að virðast.

Eins og kunnugt er, þá komust Forngríkkir, sem í svo mörgu m greinum virðast hafa verið afbragð amara þjóða, furðanlega nærrí hinu rétta í heimsfræði sem ýmsu öðru, og komust víst sumir mestu vitringar þeirra furðu nærrí því að skilja það meginatriði heimsfræðilegs skilnings, að jörðin væri ein meðal stjarnanna. Og sumt í því sambandi létu þeir sér jafnvel detta í hug, sem loks frá hinu nýalska sjónarmiði má sjá, að var lengra seilst fram en enn hefur verið gert í nútíð. En eins og óþarf mun að rekja hér, þá féll hún niður þessi merkilega þekkingarviðleitni, svo að það var varla fyrr en fyrir svo sem fjórum öldum, að hún hófst aftur hér á Vesturlöndum. Má segja, að upphafið hafi verið, þegar Kopernikus áttaði sig á því, að hér er um sólhverfi en ekki jarðhverfi að ræða, en meginatriðið var hinsvegar það, sem Brúnó bar fram nokkru síðar. Auk þess að fylgja Kopernikusi að málum hélt hann því fram að fastastjörnurnar séu sólir. Hann hélt því með öðrum orðum fram, sem síðan hefir einungis verið staðfest en ekki aukið við, að til séu óteljandi sólir og jarðir, og að á þessum jörðum annara sólna byggju lifendur eins og á þessari jörð, og hefir nú reyndar í viðurkenndum fræðum ekki verið komist svo langt, nema í ágízkun.

Svo að einungis sé hér stiklað á hinu stærsta, skal þá næst vikið að uppgötvun aðráttarsambandsins, sem einkum hefir verið kennd við Newton, en þá uppgötvun virðist mér megat elja annað mesta meginatriði heimsfræðilegs skilnings. Verður ekki annað sagt en að það hafi verið mikil og djörf skilningsútfærsla að gera sér ljóst, að

kraftur sá, sem lætur hluti detta til jarðar, sé sá hinn sami, sem heldur stjörnum á brautum sínum og veldur hreyfingu þeirra. Og þó er sagan hér ekki öll sögð með því að gera sér þetta ljóst. Það er ekki einungis, að þessi kraftur verki frá stjörnu til stjörnu með þessum afleiðingum, sem þegar var getið, heldur er það einnig hann, sem veldur því, að stjörnurnar eru til. An þessa kraftar sem menn þar til fyrir tiltölulega skömmu höfðu enga hugmynd um gæti þannig engin stjarna og enginn hlutur verið til, og er ég þá kominn að hinni íslenzku uppgötvun eða hinu þriðja meginatriði skilnings manna á tilverunni. Í heimi óteljandi sólna og jarða er það vitanlega svo sjálfsagt sem mest getur verið, að víðar sé líf en á einni lítilli reikistjörnu, eins og Bruno ályktaði út frá sinni heimsfræðiniðurstöðu og hin fyrsta undirstaða er hins þriðja meginatriðis. Og að líf hverrar jarðar fyrir sig sé ekki einangrað og án sambands við líf enn annara jarða, ættu svo allir að geta séð, að er hið beinasta og eðlilegasta framhald af því, að sjálf hver stjarna hefir bein áhrif á aðrar. Sannleikurinn er, að eins og aðdráttarkrafturinn ræður ekki einungis hreyfingu og ákveðinni braut hverrar einnar stjörnu, heldureinnig því, að stjörnurnareru til, þannig er full ástæða til að ætla, að án heimssambands lífins gæti ekkert líf verið til. En heimssamband lífsins er nú einmitt þriðja meginatriðið, sem ætlunin var að gera örlitla grein fyrir hér í kvöld.

Það kynni að vera rétt að taka það hér fram, að Nýalssinni og kenning Nýals er hvortveggja kennt við bók, sem Nýall heitir og út kom á árunum 1921 til 22, og var höfundur hennar dr. Helgi Pjeturss, sem látin er fyrir nálega 20 árum. Lagði dr. Helgi einkum stund á jarðfræði og gerði í því efni brautryðjandi uppgötvunar þegar í byrjun rannsókna sinna þar. Þannig varð hann fyrstur til að sjá fram á, að fleiri en ein ísold hefðu gengið hér yfir, og enn fleira var það varðandi íslenzka jarðsögu, sem hann skildi á undan öðrum. En svo fór honum einnig að verða hugleikið annað rannsóknarefni, en það var eðli svefn og drauma. Í rannsóknarferð, sem hann fór til Grænlands litlu fyrir síðustu aldamót, þreyttist hann af svefnskorti svo að hann beið þess aldrei bætur, og varð það til þess, að hann fór sérstaklega að hugleiða eðli svefnins. Spurning hans var sú, hversvegna það sé, að maður skul endilega þurfa að sofa, og leiddi hún til þess, að hann fór sérstaklega að athuga drauma sína. Og svo að ég segi hér frá í fáum orðum, þá komst hann þar að þeirri niðurstöðu, sem enginn hafði komist að áður, að draumur eins sé ævinlega að undirrót vöku-líf annars. Niðurstæða hans var með öðrum orðum sú, að um skynjana og hugsanaflutning sé ævinlega að ræða, þegar manн dreymir, og ber það auðvitað að gæta þess, að margt blandast þar í frá sjálfbum dreym-andanum. En svefninn hvað var þá hann? Hann var það, sem beinast liggur við að ætla, þegar komið er á þessa skilningsleið. Hann var sambandsástand, eftirgjöf vitundar og lífsstarfs einstaklingsins til þess að geta veitt viðtöku endurnærandi krafti að utan. Og hér var nú um meira að ræða en í fljótu bragði kann að hafa virzt í fyrztu.

Samband það, sem hér var um að ræða, gat ekki einungis verið frá manni til manns hér á jörðu, heldur hlaut það einnig og aðallega að vera útfyrir jörðina. Þegar nógu vel var aðgætt varðandi sjálfa draumana, varð sú á lýktun ohjákvæmileg svo sem það líka var ohjákvæmilegt til þess, að svefnæringerin mætti vera slík, sem hún er. Og nú fór ýmislegt að blasa við í nýju ljósi, sem áður hafði verið óskiljanlegt. Pannig fór nú að liggja ljóst fyrir, að kraftaverk spámannsástand og skyggni var tilkomið fyrir samband. Fyrir að-streymi lífmagns frá öflugum lífstöðvum annara jarðstjarna var krafturinn kominn og hin yfirmannlega vizka, og fór þannig að verða auðskilið og eðlilegt margt, sem ýmsir höfðu verið tregir til að trúa.

Það er óneitanlega eftirtektarvert, hve miklu erfiðlegar mönnum hefir veizt að átta sig á lífinu og sjálfum sér en þessum heimi, sem þeir búa í, og verður þó ekki annað sagt en að hin raunverulega heimsfræði hafi seint komið til sögunnar, þegar miðað er við aldur mannkynsins. En þó að seint gengi þar, þá auðnaðist mönnum að uppgötva tvö meginatriði heimsfræðilegrar þekkingar og skilnings áður en þeim skildist neitt aðalatriði varðandi lífið og sjálfa sig. Að vísu var í líffræðistigið fram mjög stórt spor, þegar mönnum fyrst fór, skömmu eftir aldamótin 1800, að skiljast, að lífið á jörðinni hefði vaxið og þróast fram frá lítilli og ófullkominni byrjun. Var þetta svo mikil nýjung og leiðréttning frá fyrri hugmyndum manna, að hálf öld leið frá því það fyrst var borið fram þar til það náði fram að ganga, og er þó jafnvel ekki alveg laust við agnúahátt gegn því enn. En þó að þarna væri um hina mikilvægustu niðurstöðu að ræða og skilningsaukning á lífinu, þá svarar það ekki fyllilega til hvors hinna tveggja heimsfræði-atriða, sem vikið hefir verið að hér að framan. Þrátt fyrir ágæti sitt leiðir þróunarkenningin ekki til fulls í ljós, hvað lífið í rauninni er, hver upptök þess eru á hverjum stað og hver tilgangur þess er. Slíkt verður hins vegar alveg ljóst við tilkomu hinnar íslenzku uppgötvunar, og tel ég hana því hið þriðja meginatriði þess, sem áunnist hefir í þekkingu. Krafturinn, sen endurnærir hinn sofandi mann, er sá hinn sami og hóf hér forðum hið líflausa efni til lífs, og ætti öllum að geta verið það ljóst, eftir að á það hefir verið bent, að hið líflausa efni getur ekki hafa orðið lifandi af einum saman eigin rammleik. Og við það að gera ljósan þennan uppruna lífsins á hverjum stað, ætti einnig sjálft eðli þess að fara að blasa við. Sé lífið á hverjum stað tilkomið fyrir geislan frá enn öðrum stöðum, þá hlýtur það að vera falið í ákveðinni samskipan eða samstillingu efnisins, sem leiðir til annara og víðtækari sambanda en áður. Lífið er hafning efnisins til hærra veldis, sem verður eingöngu vegna ákveðinnar samskipunar þess líkt og

þegar bókstöfum er þannig raðað að lesa má þar orð og setningar. Við lifnunina hér hófst efnið, á tilsvarandi hátt við það, þegar bókstafir fela í sér hugsanir. Og þegar láttinn maður endur-líkamast á annari jörð, þá verður það á þann hátt, að hugsanirnar, sem ég líki lífinu við, skipa þar um sig sömubókstöfum og áður. Kraftform einstaklingsins eða sál er áhrifaviðleitni eða geislan á örnum hins alltelskandi heimsverundar þannig, sem skilyrði eru fyrir hann til að byggjast upp á ný.

Að endingu skal hér vikið að kenningunni um hinar t vær stefnur lífsins, guðsríkisstefnuna og vítisstefnuna, sem dr. Helgi nefndi svo, og hversu hér hagar til varðandi þær. Svo sem að hefir verið vikið, þá liggur það ljóst fyrir, að leið efnisins frá líf-leysi til þess að verða lifandi er leiðin fram. Sé borið saman ilmandi og litfrítt blóm annarsvegar og hinsvegar það efni, sem blómið var gert af, þá er það auðsætt, hve lifnuninni fylgir mikil fegrún. Svo fagurt sem blómið er, svo gjörsneytt virðist efni þess því að vera fagurt, þegar það annaðhvort er hætt að vera lifandi blóm eða ekki orðið það, og ætti þetta að geta sýnt fram á, til hvers stefnt muni vera með lífinu. Tilgangur lífsins er auðsæilega samræming; og samstilling efna og afla, sem á sínu æðsta stigi komi fram sem guðleg fegurð, vit og góðoleiki. En eins og ótal daemi sýna, þá er í rauninni sjaldnast því að heilsa, að slíkt komi fram óblandið á þessari jörð. Mjög mikill hluti allra lifenda hér eru vanheilir ein-hvern hluta ævi sinnar eða allan, og mjög mikill hluti lífeg-undanna hefir þróast til þess að verða ránlíf og spillilíf. Má þar auk drepsýkla nefna eiturslöngur og mörg önnur dýr, sem að nokkru eða mestu leyti lifa á því að ræna önnur dýr lífi, og er stundum hjá þessum ræningjum um miklu meiri dráp-fíkn að ræða en þeim virðist vera nauðsynlegt. Og þegar litið er til mannlífsins, þá ber þar einnig fyni r hina sömu sögu. Saga mannkynsins hefir að mjög miklu leyti verið saga styrjalda og annars ófagnaðar. Saga vaxandi þjáningar hefir saga mannkynsins verið, eins og komist er stundum að orði í Nýal. Og eins og líka þar er haldið fram, þá ættu menn að fara að geta séð, að komið er nú að þeim tímamótum í þessu efni, að annaðhvort verði að breyta stefnunni frá því, sem verið hefir, eða gengið sér fram af feigðarbrún Helstefna og lífstefna hafa hér lengi verið ríkjandi hlið við hlið, vítisstefna, og guðsríkisstefna, og skal því ekki neitað, að margt hafi hér áunnist til hins betra á seinni árum. En hve mjög einnig hefir dregið til hins verra sýna meðal annars hinrar tvær stórstýrjaldir aldarinnar, og lítur nú margur með ugg til þess, ef hin þriðja skyldi brjótaast út. En hvað skyldi það vera, sem verða mætti til bjargar og stefnubreytingar? Naumast væri það aukin tækni eða vélmenning, þó að slíkt geti í sjálfu sér verið ágætt. Og ekki heldur virðist mér að það geti verið afturhvarf til

aukinnar áhrifa trúarbragðanna, þó að margt í trúarbrögðum sé gott. Það sem bjarga mætti væri heldur, að þekking á lífinu færi að verða hliðstæð þeim tveimur meginatriðum heimsfræðilegs skilnings, sem vikið var að hér í upphafi. Að þekking kæmi í stað trúarbragða mundi bjarga. Björgunin getur einungis orðið fyrir aukið aðstreymi guðlegs kraftar. En eins og öllum mætti vera ljóst, þá getur slíkt því aðeins orðið, orðið að raunveruleg þekking á þeim krafti komi til. Það eitt sem bjarga mætti væri fullkomnun sambanda við þá, sem komnir eru á guðsstigið, en til þess að sú fullkomnun megi verða, þarf fyrst að vita, að slíkir lifendur eru til og að samband við þá er mögulegt og aukanlegt.

Þorsteinn Jónsson.

### Fundargerðir.

#### I.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 6. des. 1967 að Laugavegi 24, og bauð formaður fundarmenn velkomna Hófst fundurinn með því, að Stefán Thorarensen las upp úr Framnýal, og kom í því fram, að Helgi Pjeturss hefði haft mikla trú á, að upp kæmist stjörnusambandsstöð. Var undir þetta tekið af félagsmönnum, og taldi gjaldkeri, Sigurður F. Ólafsson, að lítil stöð í fyrstu mætti verða stökkpallur til annrarar stærri. Var síðan rætt um það, sem þegar hefir kunngert verið í félagsblaðinu, að afla fjár með því að gefa mönnum kost á að gerast ævifélagar þannig að greiða í eitt skipti fyrir öll kr. 3000 og fá gegn því auk félagsréttindanna öll Nýalsbindin 6 og félagsblaðið í tvö ár. Var getið um, að Halldór Halldórsson hafi átt upptök að því, að þessi fjárflounar-aðferð væri reynd, og talaði S. Ó. um, að þessir ævifélagar þyrftu að verða allt að 500, ef duga ætti kostnaðarins vegna. Hófust nú umræður um staðsetning þessarar nýju byggingar, og kom þar fram, að leitað hefði verið til borgarstjóra, sem tekið hefði málaleitun þeirri vel. Hinsvegar var hér nú horfið að því, sem mest mætti verða til þess að flýta framgangi þessa máls, en það væri að taka tilboði varðandi byggingu á Kópavogshálsi. Var tillaga um það samþykkt samhljóða og eins hin um söfnun ævifélaga.

Fund þennan sátu 9 menn.

#### II.

3. jan. 1968 var aftur haldinn fundur á sama stað, og var þar enn rætt um byggingu stjörnusambandsstöðvar eða vísis til

hennar. A þeim fundi var samþykktur nýr félagi, Kristján Kristjánsson, Reykjavík, en þennan fund sátu aðeins 6 félagsmenn.

### III.

Miðvikudaginn 7. febr. var félagsfundur á sama stað, og hófst hann með því, að Sturlaugur Jónsson las að beiðni formanns upp úr Pónýal greinina Íslenzkt hlutverk og alþjóð heims. Talaði Sturlaugur síðan nokkur orð um það, hve Helgi Pjeturss hefði haft rétt fyrir sérvatnandi hina ríkjandi stefnu á jörðu hér og hversu æ meir virtist þar síga á ógæfuhlið. Vék Þorsteinn Guðjónsson þá að því, sem breyta mætti stefnunni og að í Pónýalsgrein þessari, sem lesin var, hafi í því efni verið bent á aðalatriði. Talaði hann um, að þarna í fundarherberginu væri fremur en annarsstaðar leitað í hina réttu átt, og átti þar víst ekki sízt við sambandstilraunir þær, sem þar hafa farið fram. Kom mönnum saman um, að ef félagsheimili þetta hefði ekki verið til, eða fyrir hendi, hefðu sambandstilraunir þessar aldrei orðið neinar. En með því að koma sér upp öðru félagsheimili nokkru veglegra eða vísi til stjörnusambandsstöðvar, mundi árangur þeirra tilrauna verða stórum meiri. Væri uppkoma slíkrar byrjunar svo góð yfirlýsing um fylgi við málefnið, að slíkt hlyti að hafa mikil áhrif. Getið var um það, að nú væru félagar þeir, sem telja mætti virka, 102, og að nú hefðu bæzt við 4 ævifélagar og að auki fjárgjafir. 5 gefendur voru þarna nefndir, og kom það þó fram, að þeir Sigurður og Ingvar hefði í því efni orðið drýgstir, þótt þeirra væri þar ekki getið. Þorsteinn Guðjónsson las bréf frá Páli H. Arnasyni í Vestmanneyjum, og var í bréfi því látið vel af, að þegar skuli vera hafin bygging stjörnusambandstöðvar. Bréfi þessu fylgdi grein eftir Pál, sem koma átti í Vestmanneyjablaði. Getið var um það, að þarna hjá Alfhólnum í Kópavogi, þar sem hin fyrirhugaða bygging eigi að standa, sé útsýni hið bezta, og að þar væri einnig ágætt rými fyrir framtíðarstöð. Urðu svo út frá þessu ýmsar hugleiðingar, og var í því sambandi minnst á sambandsstöð, sem sagt væri frá í Bláu eyjunni og á hús Þórs, sem segir af í Eddu. Eru í húsi því 640 dyr, en 960 manns geta í einu gengið um hverjar dyr. Einnig var þarna minnst á draum, sem Ingvar hafði dreymt nýlega, en í draumi þeim var um að ræða margt fólk, sem allt stefndi í sömu átt áleið til sambandsstöðvar. Að lokum var svo getið um það, að á nokkuð mörgum sambandsfundum hefði komið fram eftirtektarverð samkvæmi varðandi sólfgang á ákveðinni framlífsjörð, en sólarhringur þar var sagður vera 28 stundir og 28 mínútur.

Væntanlega verða öll fjárfamlög til sambandstöðvarinnar talin í árslok eða síðar.

Fund þennan sátu ellefu manns.

Fundur, sem haldinn var miðvikudaginn 6. marz. hófst með því, að Björn Franzon las samkvæmt beiðni formanns úr ritgerðunum Stjörnulífsfræði og Til hvers bygðist Ísland. Urðu síðan nokkrar umræður út frá þeim lestri, einkum þó varðandi síðarnefndu ritgerðina, og kom hjá sumum sú skoðun fram, að bygging Íslands hafi ekki orðið fyrir eina saman hendingu eða ofríki Haralds hárfagra. Bentí Þorsteinn Guðjónsson í því sambandi á frásögu af Ingimundi gamla, sem varð hér landnámsmaður gegn vilja sínum, og einnig hafði Björn Franzson orð á því, hve margir hefðu haft trú á stórkostlegu hlutverki Íslendinga. Var þar tilnefndur spádómur Adams Rutherfordss um ljósið frá Íslandi og annað líkt, sem á einhverjum s: að í Rauðskinnu er haft eftir kínverskum vitringum. Ennfremur gat B. Fr. þess, að á miðilsfundum hjá Sesseiju Jóhannsdóttur, sem nú er að koma til samstarfs við Nýalsinna, hafi þeita oft komið fram eins og líka hitt, að íslenzka væri af guðlegum uppruna svo sem einnig hafði komið fram í sambandstali þeirra Sveins og Sigurðar. Var þess getið, að í sambandstali þeirra hefði komið fram, að á þeim hnöttum, sem eithvað væru komnir áleiðis til hins betra, væri töluð íslenzka, og ninti þá P. G. í því sambandi á þau orð Helga Pjeturss, að íslenzkan væri hámarkið í tungumálaframsókn manukyrsins. Og er Páll R. Steinarsson hafði spurt, hvort Forngrikkir, sem haft hefðu svo mikil sunnibund við guðina, hafi þá ekki talað guðamál, þá gat P. G. þess, að dr. H. P. hefði talið sig þar finna áhrif frá máli ekki ólíku íslenzku, en áður hafði B. Fr. orð á því, að sér fyndist íslenzka betra mál en enska, þýzka og franska auk mála Norðurianda, og að á Íslendingum hvíldi því ekki lítil áoyrgð varðandi tungu sína.

Eftir þessar umræður varðandi ágæti hins íslenzka móls og hlutverk Íslendinga barst nú talið að sambandstilraunum Nýalsinna og hversu þróunin þar hefði orðið frá því að hreyfa glas til þess, að einn af þáttakendum, Sveinn Haraldsson, fór óvænt að tala ósjálfrátt og síðar Sigurður F. Ólafsson, en hann kom þannig fyrst til sögunnar á fundi, sem haldinn var á Úlfsstöðum. Vær þess svo getið, sem þegar mun vera kunnugt, að auk Sigurrósar Jóhannsdóttur, sem eins og send hefði verið félagini, væri nú einnig Ásmundur Guðbjörnsson orðinn hinn þriðji þessara sambands eða ósjálfrátt talandi manna, og kom hjá ýmsum fram allmikil bjartsýni í þessu efini og von um góðan og aukinnárárangur og þó einkum eftir að stjörnusambandsstöð væri komin upp.

B. F. kvaðst ekki vera ánægður með nafnið á félagini, sinnar væri sletta úr dönsku og þýzku, eðlilegra væri félag Nýalsmanna eða Nyalsfélag, og tóku ýmsir undir þetta. Þó taldi P. G. að nafnbreyting væri ekki tímabær fyrir en þá að síðin væri opnuð.

en Stjörnusambandsstöð var talað um að nefna hana, meðan ekki væru reistar fleiri.

Formaður gat þess, að nokkrir ævifélagar hefðu bæzt við síðan desemberblaðið kom út, og að framlög hefðu borist til stöðvarinnar, sem næmu nú samtals yfir kr. 90.000. Hélt gjaldkeri því fram, að ekki mundi reynast mjög erfitt að gera bygginguna fokhelda, hitt væri aftur á móti ekki eins víst, hve bráðlega hún verður fullger. Ef þeir 100 félagar, sem telja mætti virka, yrðu hér allir með, þá yrði kostnaðurinn um 15.000 kr. á hvern. Eitthvað var talað um, að til mála gæti komið að taka lán, og var engin ákvörðun tekin um það.

Að lokum sagði P. G. frá því, að Guðmundur Sveinsson, skólastjóri að Bifröst, hefði boðið félagini að kynna kenningar Nýals þar í skólanum, og að svo skrifilega hefði hitzt á, að sama daginn og honum var tilkynnt þetta, hafi rektor menntaskólans í Reykjavík farið fram á hið sama við sig. Og er Páll R. Steinarsson gat um það þessu til viðbótar, að í raunvisinda-deild nefnd skóla hefðu sumir hug á slíkri kynningu, þá gat Björn Franzson þess, að Helgi Pjeturss hefði eitt sinn flutt þar erindi. Var B. Fr. þá formaður málfundafélagsins og varð sjálfur til þess að biðja dr. Helga um þetta.

Fundi var slitið kl. rúmlega ellefu.

Aðalfundur Félags Nýalssinna var haldinn 20. mars 1968 að Hverfisgötu 21. Formaður, Ingvar Agnarsson, setti fundinn um kl. 9.30, og bauð menn velkomna í nafni félagsins. Bað hann Benedikt Björnsson að annast fundarstjórn, en Svein Haraldsson að vera ritara. Fundarstjóri las dagskrá fundarins, og bað síðan fyrsta ræðumann, Þorstein Jónsson að taka til máls. Las Þorsteinn síðan úr Ennýal, greinina Breytingin og gat þess um leið, að hann hefði meðferðis erindi það, sem hann hefði flutt í Bifröst skömmu áður, en þar sem því erindi væri fremur beint til þeirra sem lítt væru kunnugir kenningu Nýals, kvaðst hann heldur kjósa að lesa Ennýalsgreinina Las Stefán Thorarensen síðan grein þá í Ennýal sem heitir Íslenzk heimsfræði og trúin á endurburð. Pakkaði fundarstjóri góðan lestur og sagði að í því sem lessið var, væri fólginn undirstöðuskilningur, sem vera þyrftifyrir hendi, þegar sambands væri leitað við fullkomnari tilverustig.

Næstur tók til máls Þorsteinn Guðjónsson og rakti að nokkru sögu sambandstilrauna þeirra sem stundaðar eru á vegum félagsins, Sagði hann að tilgangur þeirra væri að greiða fyrir aðstreymi orku frá hinni æðstu uppsprettu. Lét hann svo um mælt að tilraunirnar væru gerðar með leiðsögn og atbeina Helga Pjeturss, en að því er snerti sýnilegan árangur þeirra þá væri hann meðal annars sá að nú hefur loks verið hafizt

handa um byggingu sjörnusambandsstöðvar, sem reyndar væri ekki nema vísir til þess sem verða ætti, en engu að síður hin nauðsynlega byrjun.

Næsti ræðumaður var Sigurður Ólafsson, gjaldkeri félagsins, og ræddi hann um fjárhagsáætlun að byggingu stjörnusambandsstöðvar. Minntist hann fyrst á það, að ef til vill mætti það teljast mikil bjartsýni að leggja út í byggingu á húsi eða hæð. Sigurður rakti nokkuð kostnað við fyrsta áfanga verksins, sem er að koma húsinu upp fokheldu, en þann kostnað taldi hann mundu vera 585 þúsund kr. að frádregnu láni og hefði fyrsta greiðsla 200. þús. kr. gengið til byggjendanna þ. 3. janúar sl., en að því meðtoldu væru nú til ráðstöfunar 364 þús. kr. Félagsmenn hafa verið látnir vita um þetta, sagði Sigurður ennfremur, og er lögð áherzla á að félagsmenn sjálfir komi af eigin efnum upp þessum vísi til sambands við æðra líf í alheimi. Menn eru að vísu misjafnlega staddir fjárhagslega, en af öllum kostnaði væri jafnað niður á alla félaga, þá yrðu þetta 15. þús. kr. á mann. En hvað fyrsta áfanga snerti, þá væri árangur þegar orðinn góður, og vantaði nú 200. þús. kr. til að greiða hæðina fokhelda. En ef við hugsum okkur í bjartsýni að geta tekið hæðina til afnota næsta haust, vantar 900 þús. kr. í viðbót og þá vandast málið. Lántaka gæti komið til greina sagði Sigurður, en áherzlu yrði að leggja á fjárlöflun félagsmanna, þannig að þeir útveguðu sem flesta ævifélaga, eða legðu fram sjálfir það sem þeir gætu. Ef einhverjur sjá betri ráð, sagði Sigurður, væru ábendingar frá þeim æskilegar.

Fundarstjóri sagði nú orðið laust, og hvatti menn til að ræða betur þetta mikla mál byggingu stöðvarinnar og tilraunirnar. Samúel Jónsson spurði hve langt væri komið byggingunni. Sigurður svaraði því til að veðráttunnar vegna hefði ekki verið hægt að byrja verkið enn. Síðan var rætt nokkuð um stærð og fyrirkomulag byggingarinnar, og meðal annars minnti á útsýni úr fundarsalnum, yfir austurbæinn og sundin til Esjunnar og Akrafjalls. En fundarstjóri, Benedikt, varpaði því fram að lokum hvort ekki væri rétt að menn einbeittu sér að því fram til næsta aðalfundar að afla fjár til byggingarinnar.

Þessu næst flutti formaður yfirlit yfir ársstarf félagsins, og birtist það væntanlega í blaðinu síðar. Nefndi hann tvö meginatriði í starfi félagsins, sem einnig hefðu komið fram hjá fyrri ræðumönnum, miðilttilraunir og bygging sambandsstöðvar, og einnig minntist hann á það að fyrir löngu hefði verið sótt um lóð undir sambandsstöð í Laugarási, en það hefði ekki náð fram að ganga. Formaður vék að fjárlöflun félagsins og sagðist treysta því að úr mundi rætast. Hann minntist á að félagsblaðið ætti að koma út mánaðarlega a.m.k. fyrri hluta þessa árs, og heimsókn til Bjarna Bjarnasonar og konu hans á Brekkubæ í Hornafirði á sl. sumri og á heimsókn að Úlfssstöðum um

haustið, og voru haldnir miðilfundir á báðum þessum stöðum með allgóðum árangri. Einnig nefndi hann two kynningarundi sem nýlega höfðu verið haldnir um málefni Nýals, annar í Samvinnuskólanum í Bifröst í Borgarfirði, hinn í menntaskólanum í Reykjavík, gamla, og lauk hann með því yfirlitinu.

Fundarstjóri gaf nú orðið laust, en Stefán Thorarensen lagði til að ljúka sem fyrst aðalfundarstörfum, og sjá hvort síðan yrði tóm til frekari umræðna og var svo gert. Gjaldkeri Sigurður Ólafsson las upp reikninga félagsins, samþykkta af endurskoðendum, og verða þeir birtir í félagsblaðinu. Kom þar m.a. fram, að til þess að tekjur og gjöld félagsins stæðust á vantaði nokkra upphæð, og hefðu þeir Sigurður og Ingvar komið sér saman um að skipta þeim útgjöldum ám milli sín, og kæmi sú upphæð á gjafa og áheitareikning félagsins. Fundarstjóri spurði hvort menn vildu bera fram fyrir spurnir um reikningana. Spurt var hvort nokkur breyting væri fyrir huguð á félagsgjöldum. Gjaldkeri kvað það ekki vera, og væri lágmarksgjald nú 300 krónur, en margir hefðu greitt mun meira, og á því byggðist að þetta kæmi vel út. Formaður vék að því hvort rétt væri að hækka verðið á Nýal, en gjaldkeri taldi það ekki henta og kvað mest um vert að bækurnar kæmust til lesenda og að ná í ævifélaga. Fundarstjóri bar síðan reikninga undir atkvæði og voru þeir samþykktir. Var þá komið að stjórnarkjöri og taldi fundarstjóri upp stjórnarmenn; meðstjórnarmenn og endurskoðendur, hina sömu og verið hafa, og gerði fundarstjóri það að tillögu sinni að hinir sömu yrðu endurkosnir. Stjórnin er þannig skipuð: Ingvar Agnarsson, formaður, Sigurður Ólafsson gjaldkeri, Sveinn Haraldsson ritari. Meðstjórnarmenn: Þorsteinn Jónsson og Sveinbjörn Þorsteinson. Endurskoðendur Halldór Halldórsson og Elsa Vilmundardóttir.

Fundarstjóri gaf nú orðið laust til umræðna. Þorsteinn Jónsson minntist á útgáfu félagsblaðsins, og taldi örðugleika á að láta það koma út mánaðarlega, ef ekki gengi betur með prentunina, og enn fremur taldi hann á það vanta að fleiri gerðust til að skrifa í blaðið. Spurði Þorsteinn í framhaldi af því hvort menn vildu að hann héldi áfram að vera ritstjóri blaðsins. Benedikt Björnsson kvað það einlæga ósk sína og að því er hann bezt vissi okkar allra, að hann héldi því áfram. Ingvar Agnarsson kvaðst og sammála því að ekki væri æskilegt að skipta um ritstjóra við blaðið, og vilja óska þess að við (fundarmenn) og aðrir fengjum að njóta Þorsteins Jónssonar þar að sem lengst.

Var nú orðið laust og tóku ýmsir til máls: auk þeirra sem áður höfðu talað: Guðrún Emilsdóttir, Eyjólfur Kristjánsson og Ragnar Sturluson. Formaður vottaði síðan fundarmönnum þakki fyrir það traust sem þeir hefðu sýnt sér og öðrum

stjórnarmönnum með því að kjósa þá aftur, og hvatti menn til þess að standa saman um að koma upp stöðinni. Sagði formaður síðan fundi slitið. 21 manns sátu fundinn.

Félag Nýalssinna hélt fund miðvikudaginn 3. apríl 1968 að Laugavegi 24. Þegar nokkuð var liðið á fundinn kom þar formaður, Ingvar Agnarsson, og kvaðst hann hafa verið veðurteppur í Vestmanneyjum í nokkra daga, þar sem hann hafði verið í erindum sínum, en vera rétt nýkominn þaðan með flugvél. Í ferðinni hafði hann fundið Nýalssinna sem þar búa, Pál H. Árnason og Astu Einarsdóttur og fengið þar góðar viðtökur og bar margt á góma. Páll hefur ritað grein í Vestmanneyjablöð um stuðning við stjörnusambandstöð, og skrifaði Asta þar einnig undir. A meðan Ingvar dvaldist í Eyjum höfðu honum borizt framlög tveggja ævifélaga, og hinn þriðji Nýall gekk einnig út í sambandi við þessa ferð.

Félagsfundur Nýalssinna var haldinn 1.5. 1968 á Laugarvegi 24, og setti formaður, Ingvar Agnarsson, fundinn nokkru eftir kl. 9. Var rætt um framkvæmdir við byggingu félagsins í Kópavogi. Er hafin steypuvinna við grunninn, og kunni Ásmundur Guðbjörnsson að segja frá því að verk sem hann hefur með höndum þar (þípulagnir), hefði hafist daginn áður, en einhver tregða eða fyrirstaða af hálfu yfirvalda, sem þar hafði virzt ætla að tefja, hafði leystst eins og af sjálfu sér.

Getið var nýrra ævifélaga og fjárfamlaga, og formaður lét þess getið að einn hinna nýju ævifélaga hefði látið svo ummælt að Anna Pjeturss, dóttir Helga Pjeturss væri vel fallin til forseta yfir landinu. Sagði þá einn fundarmanna að sú kona myndi vissulega sóma sér vel í því embætti, og væri hún mjög þess verð að vera mikill sómi sýndur. En hitt kom mönnum saman um að naumast væri ástæða til að félagið léti slíkt mál til sín taka.

Formaður kvaddi sér hljóðs og skýrði frá því að stjórn félagsins hefði haldið með sér fund þ. 9. apríl og gert þar eftirfarandi ályktun: "Vegna framkvæmda við stjörnusambandsstöð og aukins starfs við útgáfuna hefur stjórnin ákveðið að skipa Þórstein Guðjónsson varaformann frá og með deginum í dag". Ingvar Agnarsson, Sigurður F. Ólafsson, Sveinn Haraldsson. Þórsteinn þakkaði stjórninni þennan heiður og sagðist búast við að sér yrði styrkur að þeirri ákvörðun til starfs að mál-eftnum félagsins.

Rætt var fram eftir kvöldi um þau líffræðilegu fyrirbrigði sem kennd eru við reimleika eða dulræn efni og sambönd við framliðna. En fundi lauk kl. 11.15, og höfðu hann setið 11 manns.

## G A M A L L D R A U M U R.

Pó að ég geti ekki annað en verið tortrygginn gagnvart ýmsum þeim fréttum, sem stundum berast af fljúgandi diskum, þá geta þær auðvitað verið byggðar á einhverjum raunveruleik sumar, og skal hér nú sagt frá nokkru, sem heldur bendir í þá átt. Og þetta nokkuð er draumur, sem mig dreymdi fyrir meir en 60 árum og því löngu áður en farið var að tala um þessa diska. Hafði ég víst áður en mig dreymdi þetta eitt-hvað verið að hugsa um, hvað stjörnurnar muni vera, en í þá daga vissi ég það ekki. Og einhverja nött dreymdi mig svo, að ein af stjörnum himinsins væri komin niður á túnið heima hjá mér. Þótti mér þetta vera neðarlega á túninu hér, sem þá var, eða þar, sem kallað var Leynir, sennilega vegna þess, að þangað sást ekki frá bænum. Hallar túni þarna móti suðri. Og stjarnan, sem mér þótti þarna komin vera, leit nú einmitt út mjög líkt því, sem hinir fjúgandi diskar eru sagðir gera. Var þarna um að ræða fölvítan, kringlóttan snúð, þunnan út við jaðrana en kúptan og allmiklu þykkari um miðjuna. Áætla ég, að breidd hans hafi ekki verið minni en 20 til 30 metrar, en get vitanlega ekki áætlað það neitt nákvæmlega. Og eitthvað virtist mér þessi skjöldur, sem mér þótti vera stjarna, vera ókyrr þar sem hann var niður kominn. Snérist hann eitthvað og færðist af og til lítið eitt úr stað eins og einhver ofurléttur hlutur, sem með naumindum gat stöðvast við jörðu. Er þessi fölbjarta skífa, sem snérist þarna í dálítið reikulu jafnvægi, furðu ljós fyrir mér enn, og hefir mér stundum orðið hugsað til þess, hversu fjarri hún var því að geta verið það, sem ég ætlaði hana vera. Vitanlega nær það engri átt, að þarna hafi verið um stjörnu að ræða. Hins vegar get ég nú látið mér detta í hug, að það hafi ekki eingöngu verið af því, að ég var víst um þetta leyti að hugsa um stjörnurnar, að ég þyddi hana fyrir stjörnu. Mér þykir ekki óhugsandi, að það hafi einnig stafað af því, að þarna hafi verið um að ræða einhverskonar heimsókn frá stjörnu, farartæki (þyrlu), sem vitanlega gat þó ekki verið farartæki á annan hátt en þann, að hafa líkamnast þar, sem draumgjafi minn var staddur. Rétt eins og það, að líkamningar koma fram í fótum, er vel hugsanlegt, að farartæki eins og þetta hafi getað líkamnast, þar sem skilyrði var til slíks. Minnir mig, að hér í blaðinu hafi einn greinarhöfundur getið þess til, að framkoma hinna fljúgandi diska hafi hér fyrst öðlast skilyrði eftir að flugvélar urðu hér til og aðrar

afleiðingar hinnar vaxandi tækni, og þykir mér það skynsam-  
lega hugsað. Væri þá hér um að ræða einhverskonar fljúg-  
andi sambandsstöðvar, sem farið gætu hamförum á milli sól-  
hverfa, og kemur mér nú enn í hug nokkuð það, sem ástæða  
er til að hafa orð á. Sé svo, sem mjög er líklegt, að mikl-  
ar tækniframfarir á einhverri jörð skapi skilyrði tæknilegum  
fyrirbærum, þá er mikil ástæða til að ætla, að aukinn skiln-  
ingur á eðli lífsins muni einnig og ekki síður geta leitt til  
stóraukinna fyrirbæra á því sviði. Jafnvel þótt ekki væri þar  
um að ræða nema einhvern líttinn hóp manna, sem í einhverj-  
um aðalatriðum hefðu öðlast réttari skilning en áður hefði til  
verið, þá kynni sá hópur að geta skapað eða veitt þau skil-  
yrði, sem beðið hefði verið eftir í þúsund aldir eða lengur.  
Það sem hugsað var á hverjum tíma, er mikil ástæða til að  
ætla, að leitt hafi jafnan til tilsvarandi sambandsfyrirbæra,  
og þá stundum dregið úr öllu slíku eða aukið. En það, að  
loks kæmi fram þekking og skilningur á sjálfum sambands-  
fyrirbærunum, ætti fremur en nokkuð annað að geta gert þau  
árangursrík.

P.J.

## SIEPE

A sambandsfundi sem haldinn var 18. 4. sl. náðust guðsam-  
bönd og vissi sessunautur minn af einu því sambandi áður  
en um það talaðist hjá miðlunum, að því er hann sagði mér,  
þegar það var komið á. En litlu síðar hvíslar hann að mér  
að nú sé væntanlegt samband við Burdlík og eftir á fékk ég  
að vita að hann hafði heyrta raddir fólks sem talar tungu  
Burdlíks, að því er hann hugði. Eftir litla stund fer að bera  
á nýju sambandi hjá Sveini og fara að myndast orð. Er þar  
þá Burdlík kominn og þótti mér þetta allmerk sönnun, því að  
ekkert var farið að votta fyrir því sambandi þegar sessunautur  
minn hvíslaði að mér, og óhugsandi tel ég að það hafi heyrzt.  
Burdlík talaði nú nokkuð um ástæður sínar og kvað hann margt  
standa til bóta á þeim hnetti, og sagði hann að þeir skynjuðu  
nú orðið nokkuð til okkar hér á jörð. - Fundur þessi þótti mér  
takast í bezt lagi og kom Öðinn í samband og spáði því að  
vorið mundi verða gott héðan af, og einnig sagði hann að  
sumarið mundi verða gott, þegar hann var að því spurður, -  
og er nú eftir að sjá hvernig þetta rætist.

Aðra nótt eftir þetta eða á föstudagskvöldið, verður mér aitut  
hugsað um þetta, sem fram hafði komið, og hafði nokkuð orð

á því við konu mína. En þegar ég ætla að fara að sofa bregður skyndilega upp fyrir mér andliti. Var það kona eða stúlka, frábærlega svipgóð og greindarleg. og eins og nokkuð íbyggin, og samtímis kemur í huga mér nafn: Siepe ég held helzt að áherzlan sé á öðru atkvæði: Si-epa. Ég komst ekki hjá því að ætla að nafnið ætti við konuna, en um samband hennar við Burdlíksmenn veit ég ekki, eða hvort sýnin er þaðan, en þó hef ég mikla tilhneigingu til að ætla að svo sé.

P. G.

### Breytt út af venju.

Einhvernveginn varð það að venju hjá mér að semja formála að hverju hefti félagsblaðsins, sem kóm út, og breyttist hann síðar í eftirmála. Mun ég, þar sem ósk um það hefir verið látin í ljós við mig, ekki láta þetta falla niður með öllu, meðan ég vinn við blaðið. Hinsvegar læt ég nú verða þá breytingu, að eftirmáli þessi, sem fylgt hefir jafnan því hefti, sem hann tilheyrði, kemur ekki fyrr en í hinu næsta á eftir og verður þá látinn heita eftirmæli síðasta heftis eða eitthvað á þá leið. Geri ég þessa breytingu vegna þess, að ég get aldrei vitað um það til fulls fyrirfram, hvað í hverju hefti birtist og hvað ekki, og stafar það getuleysi mitt að miklu leyti af því, að ég er búsettur fjarri því, sem prentun blaðsins fer fram. Hafa af þessu stundum orðið smávegis mistök eins og þegar í eftirmála febrúarheftisins, hefti nr. 20, var vikið að gömlum draumi, sem ekki birtist þar og ekki heldur í hinu næsta.

Eins og sjá má á forsíðu hvers heftis, þá er ég þar kallaður ritstjóri, og er það að því leyti rétt að ég sé um mikinn hluta þess efnis, sem í blaðinu birtist. Ennfremur átti ég einhver upptök að því, að það fór að koma út í heftum en ekki eins og áður í sundurlaúsum blöðum. Að öðru leyti hefi ég ekki komið við sögu varðandi útlit þess, prófarkalestur og annað slíkt né heldur greinagerð þá, sem fylgt hefir myndum á forsíðu.

Hefir þar verið um að ræða verk annars og annara, og get ég þess arna, svo að mér verði ekki talið meira en er raunverulega.

Þorsteinn Jónsson.